

STJÓRNARTÍÐINDI B 50 – 2003

Nr. 271

850

2. apríl 2003

REGLUR

um innkaup og sölu áfengis og skilmálar í viðskiptum við birgja.

Orðskýringar.

Söluflokkur:	Röðun vöru í hóp eftir aðgengi hennar að verslunum ÁTVR. Dæmi: Kjarni.
Vöruflokkur:	Skipan vöru í hóp eftir megineinkennum sem oftast tengjast mismunandi hráefnum eða framleiðsluaðferðum. Dæmi: Rauðvín, viskí.
Flokksdeild:	Skipan vöru í hóp eftir upprunasvæði, hráefni, framleiðsluaðferð eða stærð umbúða. Dæmi: Rauðvín frá Chile, kókoslíkjör. Hvert undirnúmer vöruflokks telst flokksdeild.
Áfengistegund:	Vara sömu gerðar að efni til þótt einstakar einingar hennar geti verið breytilegar eftir umbúðum. Dæmi: Mateus rósavín.
Sölutegund:	Vara sem er svo frábrugðin öðrum vörum að hún fær sérstakt númer og verð í verðskrá ÁTVR. Dæmi: 750 ml flaska af Mateus rósavíni.
Framlegð:	Munur söluverðs og innkaupsverðs – án vsk.
Framlegðarskrá:	Skrá yfir framlegð vöru á 12 mánaða tímabili.

1. **Söluflokkar.**

1.1 Áfengi er deilt í 4 söluflokka:

Reynsluflokk
Kjarna
Mánaðarflokk
Sérflokk

1.2 *Reynsluflokkur* er ætlaður vöru sem er í tilraunasölu.

1.3 *Kjarni* er aðalsöluflokkur ÁTVR. Vörur í kjarna eru skráðar á sölulista í a.m.k. 1 ár en að ári liðnu geta þær fallið úr kjarna, skili þær ekki lágmarksframlegð. Kjarni deilist í forkjarna og aðalkjarna.

1.4 *Mánaðarflokkur* er ætlaður árstíðabundinni vöru.

1.5 *Sérflokkur* tekur til vöru sem er keypt inn til að auka fjölbreytni í úrvali. Vöruvalsnefnd ÁTVR ákveður hvaða tegundir áfengis eru falar í sérflokki.

1.6 Áfengi, sem fellur ekki undir ofangreinda flokka, má sérpanta.

Reynsluflokkur.

- 1.7 Birgir, sem óskar að selja vöru í reynsluflokki og leyfi hefur til að selja áfengi í heildsölu, skráir upplýsingar um vöru sína á eyðublað ÁTVR: Umsókn um sölu áfengis. Jafnframt því að leggja inn tilboð sýnir hann vöruna, leggur fram vöruvottun og fær formlegt samþykki á, að hin sýnda sölueining uppfylli skilmála ÁTVR. Hann staðfestir að honum séu kunnir skilmálar ÁTVR og að hann sé reiðubúinn að hlíta þeim.
- 1.8 Í reynsluflokki eru allt að 1400 sölutegundir sem seldar eru í Heiðrúnu og í Kringlunni. Séu öll sæti skipuð, getur birgir rýmt fyrir þeirri vöru, er hann býður, með því að taka aðra vöru, sem hann hefur forræði á, af listanum, enda hafi sú vara verið í

reynslusölu í fulla 12 mánuði án þess að hafa verið felld úr flokknum. Að öðrum kosti bíður hann þar til sæti losnar.

- 1.9 Þegar birgir óskar skráningar á biðlista, skal skrá erindi hans í röð sams konar erinda. Skráin sýni nafn tilboðsgjafa, heiti vöru, umbúðastærð ásamt vörflokki og flokksdeild, sbr. ákv. 2. kafla. Sé bið eftir að vara komist í reynslusölu, skal við færslu vöru af biðlista líta til, hvort bæta þurfi vöruval til samræmis við ákv. tl. 2.1. Beiðni um skráningu verður ekki afturkölluð án samþykkis ÁTVR. Skráin sé til sýnis á birgjavef ÁTVR.
- 1.10 Samningur skal gerður a.m.k. mánuði áður en sala í reynsluflokki hefst. Takist samningar eigi fyrir þau tímamörk vegna tómlætis birgis, fellur tilboð hans af tilboðsskrá. Verði vara ekki afhent a.m.k. 4 dögum fyrir upphafsdag sölu skv. samningi, fellur samningurinn úr gildi.
- 1.11 Skili sölutegund í reynsluflokki á 12 mánaða tímabili 75% af framlegð sexhundruðustu sölutegundar á framlegðarskrá, flyst hún í kjarna.
- 1.12. Vara úr reynsluflokki fer úr vörslu ÁTVR, hafi hún ekki skilað á undanförunu 12 mánaða tímabili framlegð, sem sé a.m.k. 35 % af framlegð sexhundruðustu vöru á framlegðarskrá á sama tímabili. Hafi birgir eigi afgreitt pöntun á vöru í reynslusölu í 60 daga samfleytt, fellur varan af listanum.
- 1.13 Vöru, sem felld hefur verið úr reynsluflokki, verður eigi getið þar aftur fyrr en að liðnum 12 mánuðum.

Kjarni.

- 1.14 Þegar vara í reynslusölu hefur náð tilskildum árangri til að flytjast í kjarna, skal birgir innan 5 daga frá því söluárangur varð ljós senda ÁTVR tvær sölueiningar án endurgjalds. Vörudeild ÁTVR skráir umsögn um vöruna til birtingar í verðskrá. Sala í kjarna hefst í upphafi næsta mánaðar eftir að sýnishorn hafa verið lögð fram.
- 1.15 Í kjarna eru sölutegundir sem fengið hafa tilskilið árangursmat í reynsluflokki. Í aðalkjarna eru þær 600 tegundir sem verið hafa í forkjarna a.m.k. eitt ár og skila ÁTVR á hverju 12 mánaða tímabili mestri framlegð. Í forkjarna er vara á fyrsta ári eftir reynslusölu.
- 1.16 ÁTVR birtir skrá um framlegð einstakra sölutegunda mánaðarlega á birgjavef sínum. Aðalkjarni er endurmetinn í mánuði hverjum. Vara fellur úr kjarna nái hún ekki a.m.k. sexhundraðasta sæti á framlegðarskrá aðalkjarna. Birgðir sölutegundar, sem felld hefur verið úr kjarna, má selja sem um vöru í kjarna væri að ræða. Séu tvær eða fleiri sölutegundir sömu áfengistegundar boðnar til sölu í aðalkjarna og hvorug eða engin þeirra nær lágmarki en samanlögð framlegð áfengistegundar er innan kjarnamarka, þá skal sú sölutegundin, sem birgir velur, haldast áfram í kjarna en aðrar sölutegundir falla út. Upphaf veru í kjarna til nota við framlegðarútreikning telst frá byrjun næsta mánaðar eftir að ÁTVR kynnir að tilskildum árangri í reynslusölu hafi verið náð.
- 1.17 Vara, sem felld hefur verið úr kjarna, getur hafið reynslusölu á ný, þegar kjarnabirgðir í eigu ÁTVR eru uppseldar.

Mánaðarflokkur.

- 1.18 Í mánaðarflokk fer áfengi sem framleiðandi ætlar til sölu á tilteknum árstíma. Tímabil eru þessi: Þorri, langafasta og jólamánuður. Sölutími lönguföstu er frá öskudegi til loka dymbilviku. Sölutíminn „jólamánuður“ hefst þriðja fimmtudag nóvember og lýkur 6. janúar. Dreifing fer fram í öllum verslunum ÁTVR sem hafa vöru í reynslusölu. Um sölu í öðrum verslunum fer eftir ákvörðun ÁTVR hverju sinni. Tekið verður við mánaðarvöru frá þeim framleiðendum sem hafa vöru í kjarna enda sé mánaðarvaran fram-

leiðsla þeirra. Mánaðarvara þarf að hafa efnainnihald sem er frábrugðið allri annarri vöru sama framleiðanda. ÁTVR tekur aðeins eina tegund í hverri flokksdeild til sölu frá sama framleiðanda.

- 1.19 Um skil sýnishorna gilda ákv. tl. 1.7 og 1.14 að því frátöldu að um dagsetningu skila á sýnishornum fer eftir ákvörðun ÁTVR hverju sinni.

Sérpantanir.

- 1.20 ÁTVR heldur uppi pöntunarþjónustu á áfengi, sem ekki er boðið fram í öðrum sölu-flokkum. Sérpantaðri vöru verður ekki skilað nema hún teljist ónothæf vegna galla.
- 1.21 Sá er pantar skal setja ÁTVR tryggingu fyrir því að kostnaður við kaup og flutning hinnar pöntuðu vöru fái greiddur. Tryggingin skal vera 700 kr. á söluveiningu. Tryggingarfé endurgreiðist sé vara ófánleg en ella gert upp við afhendingu vöru. Pöntuð vara endursendist sé hennar ekki vitjað innan 14 daga frá því hún er tilbúin til afhendingar.

2. Vöruflokkar og flokksdeildir.

- 2.1 Áfengi í kjarna og reynsluflokki er skipt í eftirfarandi vöruflokka og flokksdeildir:

01 Rauðvín

- 01.1 Vín í stærri umbúðum en 750 ml
- 01.2 Vín í minni umbúðum en 500 ml
- 01.3 Frakkland
 - 01.3.1 Bordeaux
 - 01.3.1.1 Medoc, Graves og Libournais chateau-vín
 - 01.3.2 Búrgund
 - 01.3.2.1 Beaujolais
 - 01.3.2.2 Cote de Nuits og Cote de Beaune
 - 01.3.3 Rón og Próvens
- 01.4 Ítalía
 - 01.4.1 Norður - Ítalía
 - 01.4.1.1 Toskana
 - 01.4.1.2 Piemonte
 - 01.4.1.3 Veneto
 - 01.4.2 Suður - Ítalía
 - 01.4.2.1 Sikiley
 - 01.4.2.2 Puglia
- 01.5 Spánn
 - 01.5.1 Ríoja
 - 01.5.2 Katalónía
- 01.6 Portúgal
- 01.7 Evrópa annað
- 01.8.1 Washington
- 01.8.2 Oregon
- 01.9 Kalifornía
 - 01.9.1 Napa
 - 01.9.2 Sonoma
- 01.10 Argentína
- 01.11 Chile
- 01.12 Suður-Afríka
- 01.13 Ástralía

- 01.13.1 Suður-Ástralía

- 01.14 Nýja Sjáland

- 01.99 Annað

02 Hvítvín

- 02.1 Vín í stærri umbúðum en 750 ml
- 02.2 Vín í minni umbúðum en 500 ml
- 02.3 Frakkland
 - 02.3.1 Bordeaux
 - 02.3.2 Búrgund
 - 02.3.3 Alsace
- 02.3.4 Loire
- 02.4 Ítalía
- 02.5 Spánn
- 02.6 Portúgal
- 02.7 Þýskaland
 - 02.7.1 Riesling - QmP
- 02.8 Evrópa annað
 - 02.8.1 Austurríki
- 02.9 Washington og Oregon
- 02.10 Kalifornía
 - 02.10.1 Napa og Sonoma
- 02.11 Chile
- 02.12 Suður-Afríka
- 02.13 Ástralía
 - 02.13.1 Nýja Sjáland
- 02.90 Sæt hvítvín
- 02.99 Annað

03 Rósavín

- 03.1 Vín í stærri umbúðum en 750 ml
- 03.2 Blush - Roðavín
- 03.9 Önnur

04 Freyðivín

- 04.1 Champagne
- 04.2 Asti
- 04.9 Önnur

05 Styrkt vín

- 05.1.1 Sérrí - Fino og skyldar tegundir
- 05.1.2 Sérrí - Amontillado og skyldar tegundir
- 05.1.3 Sérrí - Oloroso og skyldar tegundir
- 05.2.1 Púrtvín, hvít
- 05.2.2 Púrtvín, Tawny
- 05.2.3 Púrtvín, rauð
- 05.9 Önnur

06 Ávaxtavín og fl.

- 06.1 Síder
- 06.2 Ávaxtavín
- 06.3 Hrísrjónavín
- 06.9 Önnur

10 Brandí

- 10.1 Cognac
- 10.2 Armagnac
- 10.9 Annað

11 Ávaxtabrandí og hratbrandí

- 11.1 Calvados
- 11.2 Annað ávaxtabrandí
- 11.3 Hratbrandí

13 Viskí

- 13.1 Skoskt
- 13.1.1 Single Malt
- 13.2 Írskt
- 13.9 Annað

14 Romm

- 14.1 Glært karabískt romm
- 14.2 Ljóst karabískt romm
- 14.3 Dökkt karabískt romm
- 14.9 Annað

15 Tequila og fl.

- 15.1 Tequila og Mezcal
- 15.9 Annað

16 Ókryddað brennivín

- 16.1 Vodka
- 16.9 Annað

17 Einiberjabrennivín

- 17.1 Gin
- 17.2 Sénever

18 Snafs

- 18.1 Akvavít
- 18.2 Anís
- 18.9 Aðrir

20 Líkjörar

- 20.1 Rjómalíkjör
- 20.2 Hnetu- og baunalíkjör
- 20.2.1 Kaffi/kakólíkjör
- 20.2.2 Kókoslíkjör
- 20.3 Grasa- og kryddlíkjör
- 20.3.1 Mintulíkjör
- 20.3.2 Líkjör með anísbragði
- 20.4 Ávaxtalíkjör
- 20.4.1 Epla/perulíkjör
- 20.4.2 Ferskju/aprikósulíkjör
- 20.4.3 Sítruslíkjör
- 20.4.4 Berjalíkjör
- 20.9 Aðrir

21 Bitterar, kryddvín og aperitifar

- 21.1 Bitter
- 21.2 Kryddvín
- 21.2.1 Vermút
- 21.3 Aperitifar

23 Aðrir blandaðir drykkir

- 23.1 Aðrir (alk. minna en 6,5%)
- 23.9 Aðrir

60 Lagerbjör

- 60.1 Ljós, í flöskum
- 60.1.1 Ljós, í flöskum, íslenskur
- 60.2 Ljós, í dósum
- 60.2.1 Ljós, í dósum, íslenskur
- 60.3 Dökkur
- 60.4 Sterkur (alk. a.m.k. 6,2%)
- 60.5 Léttur lager (alk. að 4,5%)
- 60.9 Annar

61 Öl

- 61.1 Belgía
- 61.2 Bretland og Írland
- 61.3 Þýskaland
- 61.4 Stát og portari
- 61.9 Annað

62 Annar björ

- 62.1 Hveitibjör
- 62.2 Lambik
- 62.9 Annar

3. Val verslana á vörum í kjarna.

- 3.1 Áfengi í kjarna er til sölu í öllum verslunum ÁTVR.
- 3.2 Á Akureyri, í Heiðrónu, Kringlunni, Smáralind, Dalvegi, Hafnarfirði og á Seltjarnarnesi skulu allar kjarnavörur fást.
- 3.3 Í Austurstræti, Garðabæ, Holtagörðum, Keflavík, Mjódd, Mosfellsbæ, á Spönginni og á Selfossi fást að jafnaði 400 sölutegundir í kjarna.
- 3.4 Á Akranesi, í Borgarnesi, á Egilsstöðum, Ísafirði, Sauðárkróki og Vestmannaeyjum eru að jafnaði 280 sölutegundir í kjarna.
- 3.5 Í Ólafsvík, Stykkishólmi, á Patreksfirði, Blönduósi, Siglufirði, Dalvík, Húsavík, Neskaupstað, Höfn og í Grindavík fást að jafnaði 170 sölutegundir í kjarna.
- 3.6 Að jafnaði eru 80 sölutegundir fáanlegar í öðrum vínbúðum.
- 3.7 Val þeirra verslana, sem ekki hafa allar vörur í kjarna, skal endurmetið í febrúar og ágúst og koma til framkvæmda 1. næsta mánaðar.
- 3.8 Miða skal grunn útreiknings við framlegð kjarnavöru. Fyrir hvert sex mánaða tímabil skal ákvarða fjölda sölutegunda eftir röð þeirra á framlegðarskrá. Þrátt fyrir það geta verslanir takmarkað framboð á bjór og öli svo sem hér segir:
 - Í 80 tegunda verslun við 8 sölutegundir.
 - Í 170 tegunda verslun við 17 sölutegundir.
 - Í 280 tegunda verslun við 28 sölutegundir.
 - Í 400 tegunda verslun við 40 sölutegundir.
- 3.9 Verslunarstjórar velja allt að 15% hámarksfjölda sölutegunda í samræmi við eftirspurn viðskiptavina. Í verslunum með 80 sölutegundir velja verslunarstjórar jafnmargar tegundir og verslunarstjórar í búðum með 170 tegundir.
- 3.10 Við val sitt skulu verslunarstjórar auka úrval vínbúða með hliðsjón af 2. kafla þessara reglna svo og með tilliti til staðsetningar sölutegundar á framlegðarskrá.
- 3.11 Forstjóri ÁTVR skal árlega meta ákvarðanir verslunarstjóra skv. þessum kafla og breyta vali til samræmis við almennar reglur, þyki honum ástæða til.

4. Skilmálar í viðskiptum við birgja.

Vara og umbúðir.

- 4.1 Birgir ábyrgist að innihald vöru og lýsing hennar samræmist reglum upprunalands og íslenskum lögum.
- 4.2 Á umbúðum sölueiningar komi fram eftirtalin atriði: Heiti vöru, magn (lítramál), styrkleiki vínanda (m.v. rúmmál), lotunúmer, „best fyrir“ dagsetning þar sem við á.
- 4.3 Áletranir og umbúðir verða að vera í samræmi við íslensk lög. Áletrun eða einkenni, sem gefur til kynna að vara sé heimil til neyslu fólki yngra en tvítugu, er óheimil. Sölueiningu má ekki auðkenna með merki fríhafnarsölu.
- 4.4 Strikamerki – EAN eða UPS - verða að vera á hverri sölueiningu.
- 4.5 Hámarksstærð sölueiningar er 5 lítrar. Lágmarksstærð er 150 ml. ÁTVR mun hafna skráningu, taki umbúðir hennar meira hillurými miðað við magn en almennt gerist. Dósir séu með föstum flipa. Heimilt er að hengja miða á flöskur með uppskriftum og/eða kynningu á vörunni eða framleiðanda. Áletrun má ekki fela í sér happdrætti eða tilboð. Aðrir fylgihlutir eru óheimilir. Heimilt er að bjóða fram vöru í fjölpakka, enda séu einingar í honum einsleitar.
- 4.6 Vara verður að vera í samræmi við sýnishorn sem ÁTVR hefur metið fullnægjandi og verður ekki breytt nema ÁTVR samþykki breytinguna. Það telst breyting á vöru, fái hún nýtt efnainnihald, þ.m.t. vínandastyrkleika, breytta gerilsneyðingu, stærð og útlit umbúða og gerð sölueiningar.

Pöntun og afhending.

- 4.7 Í samningi skal tilgreina hvenær fyrsta afhending vöru til ÁTVR fari fram og hvenær sala skuli hefjast. Pöntun skal staðfesta með formlegum hætti innan 9 daga. Pöntun á kjarnavöru telst ekki staðfest nema staðfestingunni fylgi upplýsingar um afhendingarvikur. Berist staðfesting ekki innan 30 daga frá pöntun eða verði vara í kjarna ekki afhent innan 90 daga frá pöntun, fellur samningur um vöruna úr gildi svo og allar óafgreiddar pantanir á vörunni.
- 4.8 Innkaupadeild pantar vöru til reynslusölu í þeim mæli sem birgir óskar. Þó séu birgðir að jafnaði eigi umfram 10 daga sölu.
- 4.9 Við afhendingu vöru skal gæta eftirtalinnna atriða:
- Varan sé afhent á EUR-vörubretti. Andvirði vörubretta sé innifalið í vöruverði. Mesta þyngd vöru og brettis sé 900 kg og mesta hæð þess 150 cm. Sé hleðsla á bretti umfram 70 cm að hæð, skal vefja vörunar plastskaeni.
- Hver pöntun sé afhent sérstaklega ásamt afhendingarseðli í vöruhúsi ÁTVR. Afhendingarseðill verður að vera sundurliðaður eftir vörunúmerum birgis eða ÁTVR. Vöruheiti, stærð umbúða og magn sé skilgreint.
- Strikamerki, frábrugðið strikamerki söluaeinangar, sé á hverjum kassa.
- Vara sem hefur „best fyrir“ merkingu, verður að eiga a.m.k. 2 mánuði eftir af geymsluþoli þegar hún berst í vöruhús ÁTVR.
- Reikningur berist ÁTVR tveimur sólarhringum fyrir afhendingu vöru.
- Hver pöntun sé merkt með pöntunarnúmeri ÁTVR á plastskaeni, kassa eða vörubretti.
- Sé reglum þessum ekki fylgt, getur ÁTVR hafnað móttöku vöru.
- 4.10 Um ábyrgð á vöru gagnvart þriðja aðila gilda almennar reglur.
- 4.11 Birgir taki til sín og endurgreiði við móttöku vöru sem er ósöluhæf vegna gallaðra umbúða eða innihalds.
- 4.12 Taki birgir eigi til sín gallaða vöru áskilur ÁTVR sér rétt til að krefjast geymslugjalds fyrir vöruna. ÁTVR er heimilt að láta eyða vörunni á kostnað birgis þegar tvær vikur eru liðnar frá því birgi var tilkynnt að hann ætti að taka vöruna til sín. Heimilt er að skuldajafna kostnaði við andvirði sölu.

Verð og greiðsla.

- 4.13 Þeir, sem bjóða vöru í reynslusölu eða mánaðarsölu, skuldbinda sig til að lána ÁTVR vöruna sölutímamann. ÁTVR greiðir lánardrottni selda vöru eigi síðar en á 10. degi eftir lok sölumánaðar. Birgjar skuldbinda sig og til að taka til baka þá vöru sem óseld kann að vera við lok sölutímans. Sæki birgir eigi vöru sína í birgðastöð ÁTVR innan 4 starfsdaga frá því honum barst tilkynning um sölulok, verður hún send til hans á hans kostnað. Verði varan valin í kjarna, fer samkvæmt samningi birgis og ÁTVR hversu mikið af hinni óseldu vöru ÁTVR kaupir.
- 4.14 Breyti birgir verði vöru í reynslusölu, skal ljúka uppgjöri á þegar seldri vöru, færa birgðir óseldrar vöru af lager og skrá hana aftur skv. reikningi birgis á nýju verði. Sala getur fyrst hafist að nýju að færslum loknum.
- 4.15 Um greiðslu fyrir vöru í kjarna fer eftir því sem um semst milli birgis og ÁTVR. Greiðslufrestur skal þó aldrei vera skemmri en til næsta greiðsludags aðfanga, en greiðsludagar ÁTVR eru 16. hvers mánaðar og síðasti dagur mánaðar. Beri greiðsludag upp á frídag er næsti vinnudagur greiðsludagur.
- 4.16 ÁTVR birtir verðskrá á heimasíðu sinni – www.vinbud.is. Birgjar geta breytt verði sínu sex sinnum á ári: 1. febrúar, 1. apríl, 1. júní, 1. ágúst, 1. október og 1. desember. Tilkynna skal verðbreytingar skriflega með a.m.k. mánaðar fyrirvara, þ.e. eigi síðar en 1. janúar, 1. mars, 1. maí, 1. júlí, 1. september og 1. nóvember.

- 4.17 Berist ÁTVR boð um betra verð í vöru en samningsaðili býður, skal ÁTVR tilkynna þeim birgi, sem varan er keypt frá, að annar birgir hafi boðið sömu vöru. Jafnframt skal óska verðboðs í vöruna frá birgi og þeim, er nýtt verð bauð, enda geti sá leitt líkur að því að hann geti tryggt samfellt framboð vörunnar. Vara á nýju verði, sem þannig er boðin, komi eigi til sölu fyrr en að liðnum 90 dögum frá því ÁTVR tilkynnti nýtt verðboð. Viðskiptum við birgi skal þó eigi slitið, hafi viðkomandi vara verið skemur en 6 mánuði á söluskrá hjá ÁTVR. Tímamörk þessi eiga ekki við, reynist vara ófáanleg frá þeim birgi, sem ÁTVR hafði skipt við.

Gildistaka.

Reglur þessar koma í stað reglna nr. 622/2001 og öðlast gildi 1. júlí 2003. Um leið falla allir samningar ÁTVR um kaup áfengis frá birgjum úr gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku þessara reglna breytist biðlisti eftir reynslusölu skv. reglum nr. 622/2001 í biðlista eftir reynslusölu skv. þessum reglum.

Í júlí 2003 birtir ÁTVR framlegðarskrá yfir sölutegundir í kjarna, reynslusölu og á sérlista.

Um tegundir, sem í sölu voru 30. júní og ekki hefðu fallið úr sölu skv. rgl. nr. 622/2001, gildir eftirfarandi:

1. Vara, sem verið hefur skemur en 12 mánuði í kjarna, skal ljúka 12 mánaða sölu tíma í kjarna.
2. Vara, sem ekki hefur lokið reynslusölu, skal ljúka reynslusölu í samræmi við reglur nr. 622/2001.
3. Vara á sérlista, sem er til hjá ÁTVR og skilað hefur tilskilinni framlegð á tímabilinu 1. júlí 2002 - 30. júní 2003 flyst í kjarna. Að öðrum kosti flyst varan í reynsluflokk og telst sölusaga hennar á sérlista sem sölusaga í reynslflokki skv. þessum reglum.

Reykjavík, 28. mars 2003.

Í stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins:

Hildur Petersen. Sigurður M. Magnússon. Anna Margrét Jóhannesdóttir.

Með vísan til 13. gr. reglugerðar nr. 205/1998, um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, staðfestast reglur þessar hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 2. apríl 2003.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Telma Halldórsdóttir.